

til þingsályktunar um, að ríkið nái eignarumráðum yfir vatnsrjettindum í Soginu o. fl.

Flutningsm.: Eiríkur Einarsson, Þorleifur Jónsson og Sveinn Ólafsson.

Alþingi ályktar, með skírskotun til þingsályktunartillögu frá 26. sept. 1919, að skora á ríkisstjórnina:

Að gera nú þegar ráðstafanir til þess, að ríkið eignist eða nái öllum umráðarjetti á vatnsorku í Soginu, annaðhvort með frjálsum samningi eða eignarnámi.

Þegar ríkið hefir náð eignarráðarjettinum, eins og að framan segir, heimilast stjórninni að láta gera nauðsynlegar rannsóknir til undirbúnings virkjunar Sogsins, með sjerstöku tilliti til almenningsþarfa í nálægum hjeruðum og verslunarstöðum, svo og járnbrautarlagningar frá Reykjavík austur í sveitir á Suðurlandsundirlendinu og að undirbúa fjárhagslegar framkvæmdir í nefndum fyrir-tækjum.

Til framkvæmda þessu heimilast stjórninni að verja fje úr rikissjóði, eftir því sem nauðsyn krefur.

Ástæður.

Með þingsályktun 26. sept. 1919 ákvað Alþingi að gera ráðstafanir til þess, að ríkið næði eignarumráðum yfir öllum vatnsrjettindum í Soginu, og fól stjórninni rannsókn á því, sem snerli virkjun þess og hagnýtingu.

Árangurinn af þessu varð sá, að stjórnin leitaði samninga við fossafjelagið Ísland, um afhendingu þeirra vatnsrjettinda, sem það telur sig eiga í vatnsfalli þessu. Svar fjelagsins um þetta, frá 27. nóv. 1919, er á þann veg, að það gerir fól öll vatnsrjettindi, sem það hefir keypt og leigt hjer á landi, í Skjálfandafljóti, Laxá, Hvítá og Sogi, fyrir upphæð, sem svarar útlögðu fje með 5% vöxtum til afhendingardags, og telur þá upphæð í árslok 1919 munu verða 3—4 hundruð þúsundir króna. — Þessu tilboði hefir eigi verið tekið, enda er það sýnilega að eins samningsundirstaða. En fjárhagsnefnd neðri deildar hefir á fundi 27. apríl 1921 fyrir sitt leyti svarað því svo, að hún telur rjett, að stjórnin leiti samninga við fjelagið um kaup á vatnsrjettindum Sogsins einum.

Dráttur á framkvæmd þingsályktunarinnar frá 1919 getur eigi leitt til annars, eftir framansögðu, en að spilla aðstöðunni, hvort heldur yrði um frjálsa afhendingu að ræða eða eignarnám, en hins vegar hefir óvissan um umráð vatnsrjettindanna lamandi áhrif á allan viðbúnað til hagnýtingar vatnsfalli þessu af hendi ríkisins, sem lengi hefir þó vakað fyrir Alþingi, að ætti að verða sem fyrst.

Fyrir því höfum vjer álitíð vert að koma fram með framanritaða tillögu, og reyna með því að komast nær aðalmarkinu, að koma á ríkisvirkjun við Sogið, hagnýting þess í landsins þarfir, og í sambandi við það fullnægjandi samgöngutæki milli höfuðstaðarins og framleiðsluhjæraðanna austanfjalls.